

# Starfsáætlun Arnarhreiðurs

2018-2019



**Efnisyfirlit**

Almennar upplýsingar .....	3
Stefna leikskólans.....	4
Daglegt líf í Rjúpnahæð.....	4
Dagskipulag.....	5
Daglegar venjur í Rjúpnahæð.....	6
Að koma í leikskólann .....	6
Fataherbergið .....	6
Hreinlætisvenjur .....	7
Markmið.....	7
Matmálistímar .....	8
Að fara heim.....	8
Lýðræði og jafnrétti í Rjúpnahæð .....	9
Áherslupættir vetrarins .....	11
Læsi og samskipti.....	11
Samverustund.....	13
Sögustund.....	16
Hópastarf:.....	17
Heilbrigði og vellíðan .....	19
Útikennsla.....	19
Útivera .....	20
Sjálfbærni og vísindi.....	21
Sköpun og menning .....	22
Tónlist.....	23
Lokaorð .....	24

**Almennar upplýsingar**

Gildistími: 2018-2019

Leikskóli: Rjúpnahæð s: 4416700

Deild: Arnarhreiður

Sveitarfélag: Kópavogur

Deildarstjóri: Valgerður Ósk Sigurjónsdóttir

Undirbúningstími: Breytilegur

Aðrir starfsmenn: Helga Ingibjörg, Valbona, Ída og Nína

Fjöldi barna: 23 börn fædd 2015

## Stefna leikskólans

Leikskólinn vinnur samkvæmt leikskólastefnu Kamii og DeVries sem byggist á hugsmíðahyggju. Barnið notar leikinn sem tæki til að byggja upp þekkingu og lærir þannig eigin virkni. Leikurinn er kjarninn í uppeldi og menntun barnsins og það er virkur þátttakandi í eigin uppbyggingu félagslegrar færni sem og siðgæðis- og vitsmunaproska. Þessu til viðbótar styðjumst við í Rjúpnahæð einnig við kenningar Berit Bae en hún leggur áherslu á viðurkennandi samskipti og viðmót. Meginmarkmið leikskólans eruð að stuðla að sjálfræði barnanna, en þá er átt við að barnið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu og vangaveltum um það sem barnið telur rétt eða rangt. Sjálfræði felur í sér ábyrgð og sjálfsaga.

Segja má að sjálfræði sé til staðar hjá barni þegar það lætur stjórnast af sjálfu sér. Sjálfræði er forsenda lýðræðis, en stuðlað er að lýðræðislegum vinnubrögðum í leikskólanum, þar sem málefnið eru rædd við börnin, þeim gefin kostur á tjá sig og sameiginleg niðurstaða fundin á ýmsum málefnum innan leikskólastarfsins. Það sem ýtir undir sjálfræði og við höfum að leiðarljósi er: virðing, viðurkenning, samvinna, samkennd, lýðræðisleg vinnubrögð, ábyrgð, val á viðfangsefnum, umhverfi, ágreiningur/skoðanaskipti, sjálfstæði, gagnrýn hugsun, og öryggi. Stuðlað er að markmiðum sjálfræðis í öllu starfi leikskólans.

## Daglegt líf í Rjúpnahæð

Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna og heilsu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af proska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmiskonar leik-, náms- og samverustundir bæði inni og úti (t.d. frjáls leikur, hópstarf, samverustund, vinastund). Lögð er áhersla á að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og

örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem boðið er upp á í leikskólanum.

## Dagskipulag

Í leikskólanum er ákveðið dagskipulag sem starfið er skipulagt út frá, skipulagið er þó sveigjanlegt og þarfir barnanna hafðar að leiðarljósi, þroski þeirra sem og aldur.

- 07:30-8:00 Leikskólinn opnar
- 08:00-8:30 Tekið á móti börnunum í matsal/flæði/hafragrautur
- 8:30-9:40 Flæði/ávaxtastund
- 9:40-10:00 Samverustund/gæðastund/veðurfræðingur
- 10:00-11:30 Hópastarf/Lundur/Laupur/útivera/flæði/útikennsla/tónlist
- 11:30-12:00 Gæðastund/sögustund á mottu
- 12:00-13:00 Flæðismatur
- 12:00-13:00 Borðvinna/ róleg stund
- 12:45-14:20 Hópastarf/hreyfistundir/laupur/útivera/flæði/útikennsla
- 14:20-15:15 Flæðiskaffi
- 15:15-16:00 Frjáls leikur inni á deild/róleg stund/útivera
- 16:00-16:30 Sameiginleg skil

Á miðvikudögum er vinastund, þar sem allir í leikskólanum koma saman, syngja og njóta þess að vera saman.

## Daglegar venjur í Rjúpnahæð

### Að koma í leikskólann

Það er mikilvægt að börnin læri að heilsa og kveðja þegar þau koma og fara úr leikskólanum. Starfsmaður tekur á móti börnunum með nafni og býður þeim og foreldri þess góðan daginn.

### Fataherbergið

Markmið:

- ✓ Að börnin geti klætt sig í útiföt hjálparlaust og beðið um aðstoð þegar þess þarf.
- ✓ Að börnin séu meðvituð um hvaða fatnaður er viðeigandi miðað við veðurfar og að þau læri að taka ábyrgð á klæðnaðinum sjálf.
- ✓ Að börnin skilji fataklefann eftir snyrtilegan með því að ganga frá eftir sig.
- ✓ Að börnin læri að bera ábyrgð á sínum eigin fatnaði.
- ✓ Að börnin bera ábyrgð á því hvort þau velji úti eða inni fyrir samverustund

Leiðir:

- ✓ Starfsmaður er til staðar fyrir börnin, leiðbeinir og aðstoðar eftir þörfum.
- ✓ Barn er veðurfræðingur í samverustund að morgni, þar velur það fatnað með tilliti til veðurs og leiðbeinir hinum börnunum með klæðnað (með aðstoð starfsmanns).
- ✓ Börnin skoði veðrið á leiðinni í leikskólann og/eða heima með foreldrum og í samverustund verði umræður um veðrið og klæðnað.

- ✓ Börnin setji blautu fötin í þurrkskáp, ofn, poka, hengi upp eða gangi frá fötunum sínum og raði skónum í hilluna.
- ✓ Að börnin skrifi sjálf á töfluna fyrir samverustund hvort þau ætli að vera úti eða inni

### Hreinlætisvenjur

#### Markmið

- ✓ Að börnin séu meðvituð um gildi hreinlætis og handþvottar, meðal annars að þrífa andlit.
- ✓ Að börnin fá kennslu um réttan handþvott og noti sápu.
- ✓ Að börnin verði smám saman sjálfbjarga á salerni.
- ✓ Að börnin finni sjálf þegar þau þurfa að nota salernið.
- ✓ Að börnin sturti niður eftir salernisferðir.
- ✓ Að börnin læri að skipta um blaut föt og beri ábyrgð á því að setja fötin í poka og inn í fataklefa

#### Leiðir:

- ✓ Starfsmaður fylgir börnunum eftir á salerni og ræðir/leiðbeinir um hreinlætisvenjur td með því að kenna handþvott.
- ✓ Starfsmaður fylgir því barni sem vitað er að þurfi aðstoð. Einnig ef barn biður starfsmann um að koma með sér, t.d. með því að kenna réttan handþvott
- ✓ Að börnin þvoi sér um hendur eftir útivist, salernisferðir og fyrir matmálstíma.

### Matmálstímar

Matar- og kaffitímar hafa börnin tækifæri til þess ræða um lífið og tilveruna sín á milli.

#### Markmið:

- ✓ Að börnin verði sjálfbjarga í matmálstímanum
- ✓ Að börnin læri að ganga frá eftir sig.
- ✓ Að börnin skammti sér sjálf og þau hvött til að smakka allan mat.
- ✓ Að börnin eigi frjáls samskipti við önnur börn við matarborðið.
- ✓ Að börnin fái að velja við hvaða borð þau sitja á hverjum degi og með hverjum
- ✓ Börnin fái val um hvenær þau fara í mat innan ákveðins tíma og þau átti sig sjálf á hvenær það er laust í mat

#### Leiðir:

- ✓ Að börnin skammti sér hæfilegar stærðir sjálf, noti hníf og gaffal og helli sjálf í glas.
- ✓ Að börnin læri að ganga frá eftir sig.
- ✓ Börnin eru hvött til frjálsra samskipta við hvort annað og sýna hvort öðru virðingu

### Að fara heim

Í lok dags kveður starfsmaður börnin og foreldra og þakkar fyrir daginn.



## Lýðræði og jafnrétti í Rjúpnahæð

Í lýðræði taka einstaklingar virkan þátt í mótun samfélagsins. Í Rjúpnahæð leggjum við áherslu á áhuga barnanna og ábyrgð þeirra á eigin námi. Við tökum mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Börn læra til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins leiðir til lýðræðis- mannréttinda.

Lýðræðislegur leikskóli getur þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Jafnrétti skapar tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi. Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á að drengir og stúlkur eigi víðtæka og jafna möguleika. Einnig er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Ásamt því að vinna eftir skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.

### Markmið:

- ✓ Börnin læri lýðræðisleg vinnubrögð
- ✓ Kennar séu mismunandi leiðir að lýðræði
- ✓ Börnin læri hvað orðið lýðræði merkir
- ✓ Hvað þýðir lýðurinn ræður?
- ✓ Börnin læri hvað orðið sjálfræði merkir, að ráða sjálfur
- ✓ Hverju ráðum við sjálf (t.d. hvort þú vilt fara út fh. eða eh.).
- ✓ Af hverju er gott að fá að ráða?
- ✓ Börnin taki ábyrgð á ákvörðun sinni og fylgi henni eftir.
- ✓ Börnin læri að tjá skoðanir sínar og hugmyndir.
- ✓ Börnin læri að þau geti haft áhrif.
- ✓ Börnin læri að hlusta og virða skoðanir annarra. Börnin fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar bæði í barnahóp og við kennara, í samverstundum, gæðastundum, og í daglegu starfi. Börnin fá öll tækifæri

- til þess að tjá sig og mega líka sitja hjá. En börn sem eru gjörn við að sitja hjá eru hvött til þess að tjá sig og gjarnan með hjálp kennara
- ✓ Barnahópurinn læri að taka sameiginlega ákvörðun og að skoðanir allra skipta máli.
  - ✓ Börnin læri að gæta jafnréttis í leik.
  - ✓ Að börnin læri að setji sig í spor annarra og þau hafi val um að bjóða öðrum að vera með í leik sem þegar er byrjaður. Til þess að ná þessu markmiði ætlum við að nýta okkur vinnátubangsann Blæ.
  - ✓ Að börnin læri að manneskjur eru margbreytilegar, hafi ólíkar skoðanir, tali mismunandi tungumál og alast upp í fjölbreyttum menningarheimum.
  - ✓ Börnin fái að hafa skoðanir og val um dagleg verkefni.
  - ✓ Að börnin læri að bera virðingu fyrir öðrum börnum og fullorðnum. Ætlum að nýta okkur vináttubangsann Blæ.

Í vetur ætlum við að vinna með hvað eru kosningar og afhverju kjósum við?

Leiðir

- ✓ Kynna fyrir börnunum hvað er að kjósa afhverju kjósum við
- ✓ Við kjósum þegar fjöldi þarf að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- ✓ Nota handauppréttingar, leynilegar kosningar og sjónrænt á töflu
- ✓ Við ætlum að vinna að því í samverstund og í almennu starfi yfir daginn

Hvað er Sjálfræði

- ✓ Velja sjálfur hvað mig langar til þess að gera
- ✓ Að hittast á miðri leið og kjósa ef það eru margir
- ✓ Með því að kenna börnunum að komast að samkomulagi ætlum við að styðjast við kosningar, úllen dúllen doff, ugra sat á hvisti, draga myndir ofl
- ✓ Með því að hafa þetta sem lýðræðilegast ætlum við að hafa kosningar til að komast að samkomulagi um tiltekið verkefni
- ✓ Börnin fá að ráða/velja hvort þau velji að vera úti/inni fyrir hádegi

- ✓ Nota vinaleikinn þar sem tveir og tveir eru saman og þurfa að komast að samkomulagi um td. hvort þau vilji leika úti eða inni

#### Meirihluti/minnihluti

- ✓ Fram fer umræða um merkingu þessara orða í ýmsum stundum yfir daginn
- ✓ Til að kenna þeim þýðingu þessara orða ætlum við að notast við kosningu, bækur, ípad, töflu ofl.

### **Áherslupættir vetrarins**

Markmið okkar er að vinna með alla þroskætti barnsins í gegnum námssvið leikskólans. Aðal áherslan er á að samræma vinnubrögð í tengslum við samskipti barna og fullorðinna, lögð verður áhersla á að byggja upp sjálfstjórn og hjálpa börnunum að leysa ágreining. Við ætlum að skoða hvernig kennarar taka þátt í leik barna, hvenær tökum við þátt og hvenær ekki. Jafnframt ætlum við að skoða og þróa leiðir til skráningar á leik og samskiptum barna, til að geta skoðað hvar áhugasvið þeirra liggur og til að skilja betur reynsluheim þeirra.

Hér á eftir verða markmið hvers sviðs sett fram sem og leiðir sem við munum notast við til að ná settum markmiðum.

### **Læsi og samskipti**

Læsi snýst um merkingu orða og samkomulag manna um málnotkun. Í Rjúpnahæð felur læsi í sér hæfni, þekkingu og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar, skoðanir og upplifun sína á fjölbreyttan hátt.

Börn hafa mikla þörf fyrir samskipti við aðra. Þau spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Þau nota ýmsar leiðir til að eiga samskipti við aðra og tjá sig. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta.

**Markmið:**

- ✓ Að börnin heyri fjölbreytt og vandað málfar.
- ✓ Að ritmál sé sýnilegt.
- ✓ Að börnin geti lesið í umhverfið og aðstæður.
- ✓ Að börnin séu virkir og meðvitaðir þátttakendur í umhverfinu.
- ✓ Að börnin geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar.
- ✓ Að börnin læri samskipti í gegnum leik.
- ✓ Að börnin hafi gott aðgengi að bókasafni og læri að umgangast það.
- ✓ Að börnin fái fjölbreyttar samverustundir/gæðastundir.
- ✓ Að börnin fái markvissa málörvun til að auka málskilning og málnotkun.
- ✓ Að hlustað sé á þarfir barnanna og að þau fái verkefni við hæfi.
- ✓ Að börnin læri að skiptast á skoðunum, hlusta á hvort annað og beri virðingu fyrir hvort öðru.
- ✓ Að börnin læri að nota mál sitt til tjáningar.
- ✓ Að börnin læri að nýta sér tákni með tali í þeim aðstæðum sem þess er þörf.

**Leiðir:**

Eru fjölmargar, allt leikskólastarf byggist í raun á því að börnin læri að vera læs á umhverfið sitt ásamt því að hafa samskipti við aðra bæði börn og fullorðna. Meðal annars í gegnum samskipti við hvort annað og hinn fullorðna, vinaleik, samverustundir, fundir með börnum, flæðandi hópastarf og gegnum leikinn. Mikilvægt er að barnið fái tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar í ýmsum aðstæðum og finni að kennarar séu tilbúnir til þess að hlusta á þau og virði skoðanir þeirra og þarfir. Má meðal annars nefna:

- ✓ Í umhverfinu eru sjónrænar upplýsingar sem börnin læra að lesa í sem er skipulagt af kennara.
- ✓ Að notað sé tákni með tali í sem flestum aðstæðum
- ✓ Börnin fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar í ýmsum aðstæðum og finni að kennarar séu tilbúnir til þess að hlusta á þau og virði skoðanir þeirra og þarfir. Þessar aðstæður geta til dæmis verið í samverustund, fataklefa, útiveru, í laup, lundi, eða hvar sem er yfir daginn.
- ✓ Börnin heyri vandað og gott málfar.
- ✓ Athafnir dagsins settar í orð.
- ✓ Orðaleikir t.d. rím, þulur, orðhlutaeýðing, samsett orð og hljóðgreining.
- ✓ Skapa jákvætt leikumhverfi sem ýtir undir tjáksipti milli barnanna.
- ✓ Börnin læri framsögn.

### Samverustund

#### Markmið:

- ✓ Að börnin læri hvaða ár er, mánuður og vikudagur.
- ✓ Rætt er við börnin um hvað sé að gerast í samfélaginu hverju sinni.
- ✓ Farið er í hópastarf þar sem spurning dagsins er rædd og hugmyndir barnanna skráðar. Spurning dagsins er opin spurning sem tengist áhugasviði barnanna eða því sem á sér stað í samfélaginu.
- ✓ Börnin læra söngva, þulur, rím, leiki og fleira í samverustundinni.
- ✓ Börnin fá tækifæri til þess að ræða það sem þeim liggur á hjarta, t.d. fjölskyldumál, ferðlög ofl.
- ✓ Börnin læri að lesa sjónrænt dagskipulagið með aðstoð kennara.
- ✓ Börnin athugi veðrið og læri að klæða sig eftir því.

- ✓ Börnin læri ýmis orðheiti yfir veðrið og merkingu þeirra. T.d. góla, skúrir, rok, vindur, stormur og súld.
- ✓ Börnin hlusti á aðra og læri að bíða eftir því að röðin komi að þeim.
- ✓ Börnin kunni grunnupplýsingar um sjálfst sig sbr. T.d. heimilisfang, nafn foreldra og systkina og afmælisdag sinn.
- ✓ Börnin geti setið í samverustund án þess að trufla hin börnin.
- ✓ Lengd samverustundarinnar tekur mið af dagsformi barnanna. Ef börnin hafa mikinn áhuga á umræðunum er samverustundin lengd og ef áhugann skortir þá er samverustundin stytta.
- ✓ Á afmælisdegi fær barnið að setjast á sólina. Það er sungið fyrir barnið og hin börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar/hlý orð til afmælisbarnsins. Börnin eru þá jafnframt veðurfræðingur dagsins. Einnig þegar kennari á afmæli sest hann í sólina og sungið og hlý orð sögð í hans garð.

#### Leiðir:

- ✓ Að börnin læri að hlusta á aðra og bíða eftir að röðin komi að þeim.
- ✓ Börnin skiptist á að vera veðurfræðingur og upplýsa hin börnin um veðurfar og klæðnað.
- ✓ Börnin fái tækifæri til þess að koma með hugmyndir af viðfangsefni hópstarfs og velji sér viðfangsefni eftir áhugasviði.
- ✓ Að kennari hefji umræður og komi með fræðslu þegar við á.
- ✓ Sögusteinn er notaður til þess að þjálfa virka hlustun og umræður.
- ✓ Börnin æfist í að sitja á stað þar sem þau hafa valið sér.
- ✓ Börnin læri framsögn með því að standa fyrir framan hin börnin og tjá það sem þeim liggur á hjarta.
- ✓ Veðurfræðingur er með þríhorn sem hann slær í til þess að setja og slíta samverustundina

## Veðurfræðingur

Veðurfræðingurinn er mikilvægur liður í samverustund. Hann er ein leið til að efla barnið á margan hátt: að æfa sig í að koma fram, kenna börnum að lesa í umhverfið, bera ábyrgð á verkefni, efla málörvun, byggja upp sjálfstæði, sjálfstjórn og sjálfstraust.

Veðurfræðingurinn er líka þáttur í því að kenna börnunum að bera virðingu fyrir þeim sem eru að koma fram.

*Sjálffræði, ég sjálf/ur.*

- *Sjálfstæði*
- *Sjálfstjórn*
- *Virðing*
- *Ábyrgð*
- *Málörvun*
- *Læsi í umhverfi*
- *Sjónarmið*

## Leiðir

- ✓ Veðurfræðingur dagsings byrjar á því að slá í þríhornið til að setja samverstund
- ✓ Veðurfræðingurinn kynnir sig með tákni og tali ásamt því að læra veðurtákn, hugtök og viðeigandi klæðnað
- ✓ Markmið er að um áramót finni þau til veðurtáknin ásamt kennara og að nota táknið um leið og barnið sýnir myndirnar af veðurtáknum og fötum.
- ✓ Veðurfræðingur fær að velja lag til þess að syngja einn eða með hinum að loknum veðurfréttum
- ✓ Veðurfræðingur dagsins dregur svo veðurfræðing fyrir næsta dag og setur mynd af honum upp á töflu

## **Sögustund**

Sögustund er mikilvægur vettvangur fyrir málörvun og að beina sjónum barnsins að fróðlegum hlutum.

Markmið:

- ✓ Að börnin læri að umgangast bækur.
- ✓ Að börnin þjálfist í að hlusta og auka þekkingu sína á margvíslegum bókmenntum.
- ✓ Sögustundir verði fjölbreyttar, áhugaverðar og fræðandi.
- ✓ Að stuðlað sé að málskilningi barnanna og orðaforðanámi.
- ✓ Að börnin læri að vera saman í hóp.
- ✓ Í sögustund er farið yfir efni sem tengist því sem er að gerast í samfélaginu, t.d. um þorran þá eru börnin frædd á sjónrænan hátt um liðna tíð.
- ✓ Gefa börnunum rými í skipulagi sögustundarinnar til að ræða hlutina.
- ✓ Bækur eru notaðar til þess að hjálpa börnunum að koma tilfinningum sínum og líðan í orð.
- ✓ Meðferð bóka

Leiðir:

- ✓ Kennari þarf að vera vel undirbúinn fyrir sögustund til þess að hún verði fjölbreytt og gangi vel.
- ✓ Kennari leiðbeinir börnunum hvernig á að vera saman í hóp.
- ✓ Það eru lesnar sögur/ framhaldssögur, þulur og ljóð, með eða án mynda, leikrit leikin, söguspuni og sagðar poka- og loðtöflusögur.
- ✓ Reynt er að beina sjónum barnanna að áhugaverðum hlutum og skapa umræður í kringum það og verkefni sem vekja áhuga þeirra.
- ✓ Umræður um meðferð bóka, af hverju þurfum við að fara vel með bækur
- ✓ Börnin eru spurð út í innihald sögunnar td persónur og söguþráð.



- ✓ Kennari þarf að vera tilbúinn að útskýra erfið og ný orð sem koma fyrir í texta lesefnis.
- ✓ Börnin læri að umgangast bækur
- ✓ Fá börnin til þess að vera þátttakendur í sögustund eins og td leika söguna, búa til sögur ofl.
- ✓ Sögusteinn er notaður til þess að þjálfra virka hlustun og umræður. Stuðla að lýðræði og hlusta á mismunandi skoðanir. Eitt barn er með sögusteinininn í einu og hin hlusta á á meðan.

### Hópastarf: Þemastarf

Viðfangsefni vetrarins er m.a.:

- ✓ Ég sjálf/ur, Ísland
- ✓ Vinna út frá hugmyndum barnanna (spurning dagsins).
- ✓ Málefni líðandi stundar t.d. árstíðir, bóka og menningardagar, gamli tíminn, þorrinn, öskudagur og fleira.
- ✓ Þema: Fyrir áramót ætlum við að leggja áherslu á að vinna með okkur sjálf. Við ætlum að velta fyrir okkur augum, eyrum, höndum fótum ofl með því að nota meðal annars spegil, teikna hendurnar, fætturnar. Erum við öll eins? VIð ætlum að tengja þemað okkur sjálf inn í sal þar sem við notum líkamsheiti þar inni. Við ætlum að vinna með þulur, ljóð og lög sem tengjast okkur og líkamanum eins og td Furðuverk, fingrapuluna, Tilfinningablús ofl. Eftir áramót ætlum við svo að byrja að vinna með landið okkar Ísland, hvernig við ætlum að gera það ræðst eftir áhugasviði barnanna.

Markmið:

- ✓ Hópastarfið er flæðandi þannig að börnin fá að ráða hvort þau taki þátt eða ekki í þeim verkefnum sem boði eru hverju sinni. Reynt er að hafa viðfangsefnin fjölbreytt og að hlustað sé á raddir barnanna og hvað vekur áhuga þeirra.

- ✓ Að verkefni geti þróast áfram eftir áhugasviði barnanna og kennara og umræðunum um þau. Það geti t.d. farið úr spurningunni hvað er sól út í það að rannsaka pöddur eða geimverur.
- ✓ Börnin fái tækifæri til að vinna að verkefnum sínum á eigin hraða og þegar þeim hentar.
- ✓ Að hlustað sé á raddir barnanna. Allar hugmyndir eru góðar hugmyndir.

#### Leiðir:

- ✓ Börnin komi með hugmyndir að hópstarfsverkefnum í samverstundum sem kennarar skrá og nýta til hópstarfsverkefna.
- ✓ Kennarar koma með spurningu dagsins í samverustundum út frá því sem á sér stað í samfélaginu, hugmyndum frá börnunum ofl.
- ✓ Kennarar skrá niður áhugasvið og þátttöku barna.

#### Blær:

##### Markmið:

- ✓ Að börnin læri gildin fjögur úr vináttu
- ✓ Hugrekki
- ✓ Umburðarlyndi
- ✓ Umhyggja
- ✓ Virðing

##### Leiðir:

- ✓ Nota myndaspjöld
- ✓ Nýta bókina um Blæ
- ✓ Vera dugleg að nota ýmis verkefni tengd vináttu
- ✓ Syngja/hlusta á lög
- ✓ Skapa umræður um raunveruleg atvik

## Heilbrigði og vellíðan

Í Rjúpnahæð stuðlum við að heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Áhersla er lögð á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi sem leggur grunninn að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Við leggjum áherslu á að börnin fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. En helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Í Rjúpnahæð viljum við á sama hátt stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Áhersla er lögð á að börnin læri að skammta sér sjálf og þau hvött til að smakka allan mat. Ásamt því að stuðla að uppeldis- og félagslegu gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

## Útikennsla

Útikennsla gefur börnum tækifæri á því að komast í snertingu við íslenska náttúru sem hefur upp á svo margt að bjóða. Leikskólalóðin og umhverfið í kringum Rjúpnahæð er fjölbreytt og gefur það börnunum tækifæri á því að skapa merkingabæra reynslu með því að upplifa hlutina á sínum forsendum. Að börnin fái fjölbreytt námsumhverfi eykur færni þeirra til þekkingarsköpunar sem stuðlar að betra námi.

Markmið:

- ✓ Að börnin kynnist umhverfi leikskólans.
- ✓ Að börnin að bera virðingu fyrir náttúrunni og kynnist mismunandi gróðri og dýralífi.

- ✓ Nýta það umhverfi sem leikskólinn hefur upp á að bjóða.
- ✓ Efla alhliða þroska barnsins.
- ✓ Vinna með námssvið aðalnámskrár leikskóla úti.
- ✓ Börnin fá að upplifa hluti á nýjan hátt.
- ✓ Að börnin læri að klæða sig eftir veðri og beri ábyrgð á því með starfsfólki.
- ✓ Börnin beri ábyrgð á fötum sínum.
- ✓ Kenna börnunum hóp og samvinnuleiki.
- ✓ Að börnin öðlist sjálfsöryggi í ókunnugum aðstæðum.

#### Leiðir:

- ✓ Börnin njóti og nýti náttúruna allt árið um kring sem leiksvæði og efnivið til skapandi starfs og leikja.
- ✓ Flokka og telja það sem er í náttúrunni, vinna með orðaforða, málsskilning, tölur, stafi, myndsköpun, hreyfingu og fleira.
- ✓ Stuðla að endurvinnslu á leikskólanum.
- ✓ Kenna börnunum hringrás náttúrunnar og þannig öðlast þau virðingu fyrir henni.

#### Útivera

Börnin fara út að lágmarki einu sinni á dag. Börnin læra smátt og smátt að taka ábyrgð á því hvenær dags þau fara út og með hverjum. Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Hún byggist á því að börn geti leikið sér frjálst og fengið útrás fyrir hreyfiþörf sína á jákvæðan hátt jafnframt því að vera í snertingu við náttúruna, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki.

#### Markmið:

- ✓ Börnin kynnist öðrum börnum og starfsfólki leikskólans.
- ✓ Að börnunum líði vel í útiverunni og finni fyrir öryggi.

- ✓ Börnin æfi samhæfingu gróf- og fínhreyfinga í hinum ýmsu leikjum.
- ✓ Börnin læri hópleiki og æfi þannig samvinnu.
- ✓ Börnin njóti útiveru í íslenskri veðráttu.
- ✓ Börnin kynnist nánasta umhverfi sínu.
- ✓ Að þau fái tækifæri að morgni að skrá sig hvort þau vilja vera inni eða úti fyrir hádegi

Leiðir:

- ✓ Börnin fái tækifæri til þess að velja hvenær þau fari út yfir daginn setja mynd á þar til gerða töflu.
- ✓ Farið verður vettvangsferðir tengdum viðfangsefnum.
  
- ✓ Þjóða upp á flæðandi sumarskóla með fjölbreyttum verkefnum.

### Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði og réttlæti. Börn beita ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Hlutverk okkar í Rjúpnahæð er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau skilja og hugsa hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir, sem vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.

Markmið:

- ✓ Börnin læri að taka ábyrgð á sér og umhverfi sínu.

- ✓ Börnin læri að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, umhverfi sínu og sjálfu sér.
- ✓ Börnin læri grunnhugmyndir af sjálfbærri þróun.
- ✓ Börnin hafi aðgang að fjölbreyttum efniðvið.
- ✓ Að börnin vinni með stærðfræðileg viðfangsefni.

#### Leiðir:

- ✓ Kenna börnunum að ganga vel um eigur sínar og annarra.
- ✓ Kenna börnunum að ganga frá eftir sig og rétta öðrum hjálparhönd.
- ✓ Börnin beri ábyrgð á útileiksvæðinu með kennurum, þ.e.a.s að það aðstoði við að halda lóðinni snyrtilegri og beri virðingu fyrir gróðrinum.
- ✓ Að börnin hafi aðgang að spilum, tölum, táknum og formum. Að þetta sé sýnilegt í daglegu umhverfi þeirra.
- ✓ Kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfinu með því að flokka pappír, matarafgangna og annað sorp og skilja ekki eftir sig rusl.
- ✓ Fá tækifæri fyrir vísindastarfi og sulli, sem er stór hluti af flæðinu.
- ✓ Að börnin kynnist ræktun matjurta og nýtingu þeirra.

### **Sköpun og menning**

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi Rjúpnahæðar á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk okkar felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum.

**Markmið:**

- ✓ Börnin tjái tilfinningar sínar og hugmyndir gegnum myndsköpun.
- ✓ Börnin kynnist landi sínu og þjóð.
- ✓ Börnin læri góð samskipti, tillitsemi og að deila með öðrum.
- ✓ Börnin kynnist mismunandi fjölskyldugerðum og mismunandi þjóðmenningu og fólk er mismundi það er enginn eins.
- ✓ Börnin læri að vinna í hóp að sameiginlegu verkefni og noti lýðræðisleg og sjálfstæð vinnubrögð.
- ✓ Börnin fái tækifæri á að vera skapandi á fjölbreyttan hátt.

**Leiðir:**

- ✓ Börnin tjái sig um verk sín.
- ✓ Börnin segir frá sjálfu sér og fjölskyldu sinni.
- ✓ Lesnar verða sögur frá liðinni tíð og frá mismunandi menningaheimum.
- ✓ Börnin læri að taka lýðræðislegar ákvarðanir.
- ✓ Að vinna með og fræðast um hefðir íslenskrar menningar svo sem að hanna öskudagsbúning frá grunni, fræðast um gömlu dagana, íslenska fánann, dag íslenskrar tungu ofl.
- ✓ Kennarar skipuleggi umhverfið þannig að það sé skapandi og bjóði upp á fjölbreyttan og opin efnivið.
- ✓ Skapa umræður um að enginn er eins, allir eru sérstakir.

**Tónlist****Markmið:**

- ✓ Börnin syngi fjölbreytta söngva og læri texta.
- ✓ Börnin séu hluti af hóp í söngstundum.
- ✓ Börnin kynnist margvíslegum hljóðgjöfum.
- ✓ Að tónlist nýtist sem leið til að efla málproska og málskilning.

- ✓ Börnin hlusti á fjölbreytta tónlist.

Leiðir:

- ✓ Söngur og tónlist sé hluti af deildarstarfi.
- ✓ Börnin læri þulur, romsur og rím.
- ✓ Vinastund.
- ✓ Börnin læri að slá/klappa takt og hrynjanda.

## Flæði

Í Flæði hafa börnin frjálst val um hvað þau vilja leika með og með hverjum þau vilja leika. Þau flæða á milli svæða eftir áhuga. Margt er í boði fyrir þau td vísindakrókur, salur, dúkkukrókur, holukubbar, bókasafn, borðvinna ofl. Þau geta einnig flætt á milli deilda

Markmið:

- ✓ Að efla börnin í frumkvæði, sjálfstæði, virkni og gleði í leik
- ✓ Börnin fái að njóta þess að gera það sem þau hafa áhuga á
- ✓ Börnin læri samskipti við aðra í leik
- ✓ Börnin kynnist öðrum börnum og kennurum í leikskólanum
- ✓ Börnin læri að bera ábyrgð á umhverfi sínu

Leiðir:

- ✓ Þjóða upp á fjölbreytt leikefni
- ✓ Að kennari sé til staðar og leiðbeini eftir þörfum



**Lokaorð**

Við hlökkum til spennandi vetrar og verða viðfangsefni vetrarins fjölbreytt skemmtileg. Við komum til með að leggja áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og að þau þroskist sem sjálfstæðir einstaklingar og verði tilbúnari til að taka eigin ákvarðanir.

Starfsfólk Arnarhreiðurs